

LITLI BÍLL ehf
 Malarhöfða 2,
 110 Reykjavík

Alþingi
 Erindi nr. P 127/203
 komudagur 21.11.2001
 Reykjavík 20. nóvember 2001.

Samgöngunefnd Alþingis

Við leyfum okkur að gera eftirfarandi athugasemdir við frumvarp til laga um leigufreiðar (lagt fyrir Alþingi á þingi 2001 - 2002.):

Við 3. gr. frumvarpsins. Þar er gert ráð fyrir að hægt sé með reglugerð að ákveða lágmarks fjölda á bifreiðastöð og hvaða tæknibúnaður skuli vera fyrir hendi. Hér er skotið vel yfir markið því fráleitt er að ákveða með lögum hversu stór fyrirtæki skulu vera. Með öðrum orðum þiðir þetta að fyrirtæki sem hefur starfsleyfi eins og Litli bíll ehf verður lagt niður enda tilgangur lagasetningarinnar sá.

Varðandi ákvæði um tæknibúnað, þá er slíkt óþarft í lögum og hætt við að menn fari offari við setningu slíkra reglugerða.

Ef nauðsyn er talin fyrir þessu lagaákvæði þá þarf samfara að opna aðgang að stéttni þannig að hægt sé að reka bifreiðastöðvagnar óháð dutlungum bifreiðastjórastéttaðmar. Í dag er starfsvetvangurinn þannig að ef atvinnuleyfisfararnir ákveða að yfirgefa fyrirtækið (t.d. vegna ósættis við stjórnendur) þá verður fyrirtækið að hætta starfssemi. Nýjasta dæmið er bifreiðastöðin Bæjarleiðir. Áður hafði Bifreiðastöð Steindórs hætt sínum rekstri þar sem ekki fékkst nægur fjöldi atvinnuleyfisfaha á stöðina svo rekstur hennar gæti borið sig.

Í greinagerð með frumvarpinu kemur hvergi fram hvers vegna nauðsynlegt er að ákveða lágmarksstærð bifreiðastöðva með reglugerð. Þetta ákvæði á einfaldlega að fjóta með og er því mótmælt.

Við 6. gr. frumvarpsins. Þar segir að ekki megi úthluta nema einu leyfi til hvers máts. Við teljum rétt að taka þetta út og gera lögaðilum og einstaklingum kleift að rekka eiri en eina bifreið. Við viljum benda á að þannig komu frumvarpsdrögin upphaflega fram frá samgönguráðuneytinu, þegar það var birt þingflokkunum s.l. vor. Þetta er t.d. nauðsynlegt svo að ekki geti komið upp sú staða að bifreiðastöðvar verði að hætta rekstri vegna þess að bílstjórar taka sig saman um að yfirgefa fyrirtækið. Fróðlegt væri að vita hverjar ástæður lágu að baki því að samgönguráðuneytið hafði umrætt ákvæði ekki í upprunalegu frumvarpsdrögnum. Ekki var það fyrir slysi því í meðfylgjandi greinagerð var þess getið að umrædd breyting stæði til.

Viðingarfyllt,

Sigurður Sigurjónsson

